

Efnahags-og skattanefnd.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. janúar, 2011

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (sjúkdómatryggingar). Þskj. 353-300.mál.

Vísað er ofangreint lagafrumvarp og breytingar sem þar eru lagðar til. Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklingar fagnar eðli málsins samkvæmt að ekki verður skattlagt eftir á útgreiðslu váttryggingabóta vegna sjúkdómatrygginga sem keyptar hafa verið fyrir 1. desember, 2010 eins og fram kemur í lagafrumvarpinu. Á móti telja samtökin að ganga verður alla leið og tryggja til framtíðar að engar skattgreiðslur komi til vegna sjúkdómatrygginga og útgreiðslna á bótum til handa bótaþegum. Ekki verður séð á lagafrumvarpinu m.v. orðalag þess að þetta eigi við til framtíðar og ef svo er þá er ekki nógu langt gengið til að tryggja alla m.t.t. jafnræðissjónarmiða.

Í lögum um váttryggingasamninga nr. 30/2004 sbr. 61. grein laganna segir m.a.;

„Með persónutryggingu er í lögum þessum átt við líftryggingu, slysatryggingu og sjúkratryggingu. Váttryggingu má taka vegna lífs eða heilsu váttryggingartakans eða annarra.“

Engin greinarmunur er gerður á í ofangreindum lögum á tryggingum sem teknar eru vegna lífs, slysa eða heilsu (sjúkdóma).

Í sögulegu samhengi verður að ætla að skattayfirvöld hafi allan þennan tíma sem útgreiðslur vegna sjúkdómatrygginga hafa staðið yfir frá váttryggingafélögum og ekkert aðhafst að þau hafi í reynd með athafnaleysi sínu túlkað lögin einmitt þannig sem tryggingafélögin töldu, að þetta félli undir með sama hætti og aðrar persónutryggingar. Með þessu aðgerðarleysi skattayfirvalda hefur löghelgast venja í afgreiðslu mála af hálfu opinberra aðila án athugasemda. Fyrir liggur samkvæmt upplýsingum sem Hjartaheill býr yfir að talið hefur verið fram ofangreindar bætur sem skattfrjálssar án þess að skattayfirvöld hafi gert athugasemdir þar um.

Hafa ber í huga að bæði sjúkdómar og slysa er ófyrirséðir atburðir sem í báðum tilvikum leiða oft til örorku og skerða getu sjúklinga og aflahæfi þeirra og hafa oft jafnan áhrif á fjárhag og jafnvel félagslega þætti til lífstíðar. Hjartaheill telja engum vafa undirorpið að hjarta- og æðasjúkdómar umbylta oft en ekki lífi manna með þeim hætti að örorka verður oft mun meiri en í ökutækjafjórðingum og afleiddum líkamsslysum þar sem bætur eru undanskyldar skatti.

Sbr. framangreint er vísað til jafnræðisreglunnar sem fram kemur í 65. gr. hennar. Markmið reglunnar er að koma í veg fyrir á grunvelli þeirra atriða sem fram koma í 1. málsg. og annarra atriða sem gætu talist ómálefnaleg; *sambærileg mál eiga að fá sambærilega úrlausn* og um mál sem ekk teljast sambærileg, gildir þveröfug regla.

Þess ber þó að gæta að 1. mgr. 65. gr. bannar ekki mismun sem slíka heldur bannar hún mismunun á grundvelli ómálefnalegra sjónarmiða. Gott dæmi um þetta gæti verið t.d. álagning sérstaks tekjuskatts eins og stefnt hefur verið að með því að leggja skatt á sjúkdómatryggingu eins og yfirvöld túlka nú stöðu mála.


Þá má jafnframt vísa til meðalófsreglunnar en hún er lögfest í 12. grein stjórnsýslulaganna. En þar segir:

Stjórnvald skal aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Ekki verður hægt að ætla að löggjafinn hafi beinlínis ætlast til þess að fara gegn ofangreindum meginreglum þegar kemur að jafn mikilvægu máli og að tryggja sjúklingum jafna stöðu burt séð frá því hvort rekja megi örorku til sjúkdóms eða slyss.

Því skorar Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga á hið háa Alþingi að ganga hreint til verks og tryggja öllum öryrkjum jafna stöðu í þessu máli og setja með skýrum hætti lög sem taka af öll tvímæli um váttryggingabætur vegna sjúkdóma beri ekki að skattleggja hvorki með afturvirkum hætti þar sem útgreiðslur hafa þegar farið fram eða til framtíðar. Engin málefnaleg rök mæla með því að skattaálagning þessi eigi að fara fram og er það í fullu samræmi við alla lagaframkvæmd í nágrannalöndum okkar hvernig þau halda á í málum sem þessu.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Hjartaheilla
landssamtaka hjartasjúklinga



Sveinn Guðmundsson, hrl.
varaformaður